

**Nd.**

**877. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 23, 9. des. 1889, um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenskra embættismanna.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið samdóma háttv. meiri hluta nefndarinnar, sem vill fella frv., einkum vegna þess að eigi sje rjett að taka yfirdómarana út úr og bæta launakjör þeirra, en eigi ýmsra annara embættismanna, sem muni eiga svipaða sanngirniskröfu til þess. Jeg verð að líta svo á, að yfirdómararnir eigi meiri sanngirniskröfu á launabótum en aðrir embættismenn, sjerstaklega vegna þess, að þeim er, stöðu þeirra vegna, óhægra en flestum eða öllum embættismönnum að taka að sjer launuð aukastörf og mörg slík störf þannig vaxin, að þeir geta alls eigi tekið þau að sjer, vegna þess að þau geta á einhvern hátt komið í bága við dómarastarfið. Jeg fæ eigi sjeð, að þótt launakjörum yfirdómara verði breytt nú, þurfi það að valda drætti á endurskoðun embættislauna yfirleitt, enda geng jeg út frá, að samtímis og slík endurskoðun fer fram, verði einnig tekin með laun yfirdómara, þótt þeim verði breytt nú, þar sem rjettast er að hafa slík lög í einni heild, bæði til hægðarauka og vegna samræmis í launakerfinu. Og til þess að nokkurn veginn sje vist, að laun þau, sem nú kynnu að verða samþ., valdi eigi ruglingi

siðar í slíku kerfi, vegna þess að þau sjeu of há, leyfi jeg mjer að leggja til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

#### BREYTINGU.

1. gr. orðist svo:

Hálfirðómarinn í landsyfírrjettinum skal hafa í árslaun úr landssjóði 5000 kr. og aðrir dómendur þar 4500 kr. hvor.

Alþingi, 10. sept. 1917.

Magnús Guðmundsson.